

Sveitarstjóri
Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 25. janúar 2017
UST201612-180/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020, tillaga að breytingu að Bragðavöllum

Vísað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps að Bragðavöllum.


Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að jarðirnar Bragðavellir 1 og 2 eru við botn Hamarsfjarðar, sunnan Hamarsár. Einnig kemur fram að áætlað er að skipuleggja 10 lóðir sem eru á bilinu 0,3 – 1,4 ha hver um sig, samtals 7,3 ha. Nú þegar hefur verið byggt á 5 þeirra lóða sem tillaga að breyttu aðalskipulagi nær yfir.

Í lýsingu segir einnig að áætlað framkvæmdasvæði sé ræktað land og lítt grónir melar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir verði felldar að landi og byggðinni á svæðinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur